


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: SHJ	ENS423	
Síða 1 af 2	Kennsluáætlun haust 2014	

Kennari	Baldvin Ringsted	Sk.st.	BAR
----------------	------------------	---------------	-----

Áfangalýsing: Unnið með vísindatengt efni á ýmsan máta. Verkefni, þýðingar, kynningarverkefni ofl. Nemendur gera stíla og þýðingarverkefni, unnið með málfræði, t.d. orðflokka, orð af erlendum uppruna o.s.frv. Ein skáldsaga er lesin og krufin til mergjar. Tæpt á nokkrum hugtökum úr bókmenntafræði.

Markmið: Að auka akademískan orðaforða á sviði vísinda og ýmissa fræða og að auka færni nemenda í framsetningu og skipulögðum og sjálfstæðum vinnubrögðum.

Námsgögn: *Echoes of English 423* útg. 2014 (skrifstofa) og *Carrie*, e. Stephen King, allar óstytta útgáfur (Bókabúðir).


Áætlun um yfirferð: Eftir miðja önn flytja nemendur kynningu á viðfangsefni sem tengist lesefni áfangans. Að öðru leyti verður um jafna yfirferð að ræða á skáldsögu og köflum og verkefnum úr leshefti.

Verkefni:

Nemendur skila verkefnum úr skáldsögu, stílum og orðaforðaverkefnum úr lesköflum, vinna vefæfingar í málfræði og flytja munnlega kynningu á völdu sérverkefni.

Námsmat og vægi námsþátta:

Námsþáttur	Vægi %	Nánar
Verkefni úr <i>Carrie</i>	10%	5 próf/verkefni, 4 bestu gilda ef öll eru tekin.
Kynningarverkefni	15%	Nemendur kynna ákveðið málefni tengt lesefni. Jafningjamat.
Þátttökueinkunn	10%	Stílar, þýðingar, vefæfingar og annað sem nemendur gera heima og í kennslustundum.
Kaflapróf	50%	Fjögur kaflapróf, 3 bestu gilda til einkunnar.
Munnlegt próf	15%	Tekið í síðustu kennsluviku.
Samtals	100 %	

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS	ENS423 Kennsluáætlun haust 2014	
Samþykkt:SHJ		
Síða 2 af 2		

Áætlun um yfirferð í lotum sem innihalda u.þ.b. 12 kennslustundir hver.

Lota 1

Lesnir kaflar 1 og 2 í leshefti, unnið með málfræði- og orðaforðaatrði. Kaflapróf 1.

Lota 2

Lesnir kaflar 3 og 4 í leshefti, unnið með málfræðiatrði. Umfjöllun um skáldverk hefst og fyrsta verkefnið unnið. Unnið með eitt þema. Kaflapróf 2

Lota 3

Lesinn kafli 5 í leshefti. Áfram unnið með málfræði og málnotkun. Lestur skáldsögu heldur áfram og verkefni númer 2 lagt fyrir. Unnið með eitt þema.

Lota 4

Kafli 6 í leshefti tekinn fyrir auk málfræði- og orðaforðaverkefna. Verkefni 3 í skáldverki lagt fyrir að lokinni viðeigandi yfirferð. Undirbúningur hafinn að vinnslu kynningarverkefnis. Kaflapróf 3.

Lota 5

Lesnir kaflar 7 og 8 auk viðeigandi verkefna. Skáldsöguverkefni no 4 tekið fyrir og nemendur kynna valið viðfangsefni. Unnið með eitt þema. Kaflapróf 4.

Lota 6

Lesinn kafli 9 og verkefni unnin úr leshefti. Lokaverkefni skáldsögunnar lagt fyrir. Umræður og upprifjun. Kaflapróf fyrir þá sem hafa misst af 2 kaflaprófum. Munnlegt próf.

Nemendum **ber að skila öllum verkefnum** sem sett eru fyrir og halda sig innan þeirra marka sem kveðið er á um mætingu. Skilafrestur rennur út á **miðnætti** á skiladag. Skilafrestur verður ekki framlengdur nema við sérstakar aðstæður. Sé verkefni ekki skilað jafngildir það 0 í einkunn. Lágmarkseinkunn er 5. Nemandi sem missir af 2 kaflaprófum skal taka aukapróf í síðustu lotu. Nemandi sem missir af 3 eða 4 kaflaprófum skal taka próf úr öllu efninu í síðustu kennsluviku. Ekki verður boðið upp á sjúkrapróf í kaflaprófum.

Verði nemandi uppvís að ritstuldi við samningu ritgerða eða annarra verkefna fær hann einkunnina 0,0 fyrir viðkomandi verkefni. Endurtekin brot geta varðað brottvikningu úr áfanganum.

Birt með fyrirvara um breytingar.

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils